

Staða lífeyrissjóðanna í kjölfar kreppunnar

Eftir Hrafn Magnússon

Í upphafi fjármála kreppunnar hér á landi, síðla árs 2008, skrifaði ég grein í blað eldri borgara „*Listin að lífa*“ um efnahagsleg áhrif kreppunnar. Í greininni gat ég þess að ef kæmi til skerðingar á ellilífeyrisgreiðslum á árinu 2009, sem því miður væru líkur á, væri rétt að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir á almennum vinnumarkaði hefðu flestir hverjir bætt verulega í lífeyrissjóðunum á síðustu árum, þar sem ávöxtun þeirra hefði verið mjög góð. Þá kom fram að ég taldi að Tryggingastofnun ríkisins myndi í mörgum tilvikum bera hluta lækkunarinnar í formi hærri greiðslna frá almannatryggingum. Allt hefur þetta gengið eftir, þó með þeirri undantekningu að lækkun lífeyris á síðasta ári var nokkuð minni á síðasta ári, en almennt var gert ráð fyrir, eða að meðaltali um 5%.

Við tryggingafræðilegt mat sjóðanna í fyrra lágu ekki fyrir nægjanlegar góðar upplýsingar um hrun fjármálamarkaðarins, sem varð langtun meira en almennt var spáð. Mörg fjármálafyrirtæki, einkum sparisjóðirnir, lentu einnig í miklum fjárhagslegum hremmingum en auk þess fóru nær öll fyrirtækin sem skráð voru í Kauphöll Íslands í nauðasamninga eða gjaldþrot. Þetta kerfishrun markaðarins hafði það í för með sér að sumir lífeyrissjóðir þurftu einnig að grípa til þess að minnka réttindin á þessu ári, þar sem staðan var mun alvarlegri en talið var í upphafi síðasta árs.

Stöndum vel í alþjóðlegum samanburði?

Auðvitað er það svo að við þessar aðstæður verða lífeyrissjóðirnir fyrir gagnrýni og því er stundum hald-



Hrafn Magnússon

ið fram að sjóðirnir hafi á umliðnum árum stundað „fjárhættuspil“ og lánað í áhættusamar fjárfestingar. Við þessari gagnrýni vil ég segja þetta:

Hin alþjóðlega fjármálakreppa var langtun alvarlegri hér á landi en erlendis. Á Íslandi fór bókstaflega allt á hliðina, sem gat farið á hliðina. Allir stóru viðskiptabankarnir, flestir sparisjóðirnir, flest önnur fjármálafyrirtæki – einnig nær því öll fyrirtæki á opinberum verðbréfamarkaði, sem m.a. hafði í för með sér um 90% lækkun á innlendum hlutabréfamarkaði, sem er heimsmet í samanburði við önnur lönd. Langflest önnur fyrirtæki hér á landi sem enn skrimta eru auk þess yfirskuldsett og því framtíðarhorfur þeirra ekki glæsilegar.

Þrátt fyrir þetta kerfishrun í íslensku samfélagi standa lífeyrissjóðirnir tiltölulega vel að vígi. Áætlað tap þeirra nam 20% til 25% af eignum, sem er minna en hjá mörgum öðrum löndum í Evrópu og þó víðar væri leitað og ávöxtun þeirra var eftir allt mun betri á árunum 2008 og 2009 en hjá mörgum öðrum þjóðum. Um þetta vitna opinberar tölur á vegum OECD. Eignir íslensku lífeyrissjóðanna eru nú orðnar verðmeiri að krónutölu en þær voru fyrir hrun og við erum enn í forystu með Hollendingum og Svisslendingum þegar eignir lífeyrissjóðanna eru bornar saman við landsframléiðslu.

Lífeyrisréttindin hafa þrátt fyrir allt aukist umtalsvert

Nú þegar lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði þurfa að minnka ellilífeyrisréttindin gleymist því miður oft að á undanförunum árum hafa réttindin aukist umtalsvert meira en sem nemur hækkun vísitölu neysluverðs eða launa.


» Við erum enn í forystu með Hollendingum og Svisslendingum þegar eignir lífeyrissjóðanna eru bornar saman við landsframléiðslu.


Þannig eru lífeyrisgreiðslur hjá Gildi lífeyrissjóði verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs. Réttindi hjá Gildi voru aukin um 7% árið 2006 og 10% árið 2007 umfram vísitöluhækkunir, en minnkuð um 10% árið 2009. Frá ársbyrjun 2006 til mars 2010 hafa lífeyrisþegar hjá Gildi fengið greitt 11,3% meira en þeir hefðu fengið ef greiðslur hefðu fylgt vísitölu neysluverðs og 11,6% meira en þeir hefðu fengið ef greiðslur hefðu hækkað samkvæmt launavísitölu.

Annað dæmi: Þrátt fyrir að Almenni lífeyrissjóðurinn hafi þurft að minnka lífeyrisréttindin umtalsvert bæði í fyrra og í ár hefur sjóðurinn aukið lífeyrisréttindi verulega umfram verðlag og hækkað laun frá árinu 1998. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum hafa aukist um 147% frá árinu 1998. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 119% og vísitala neysluverðs um 96%. Lífeyrisréttindi hafa aukist um 20%-50% umfram verðbólgu.

Hér eru vegna takmarkaðs pláss í blaðinu aðeins teknir fyrir tveir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði, þar sem ótvírætt kemur fram að lífeyrisréttindin hafa aukist verulega á síðustu árum, þrátt fyrir tímabundna lækkun lífeyris. Báðir þessir lífeyrissjóðir hafa þó þurft að minnka réttindin bæði í fyrra og í ár. Samanburðurinn væri enn hagstæðari ef litid væri eingöngu til lífeyrissjóða sem hafa minnkað réttindin einu sinni.

Niðurstaðan er því þessi. Lífeyr-





issjóðirnir hafa komið ótrúlega vel út úr kreppunni þrátt fyrir nær algjört kerfishrun á innlendum fjármálamarkaði. Tap sjóðanna er minna en hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar.

Við stöndum einnig enn í forystu þegar eignir lífeyrissjóðanna eru bornar saman við landsframleiðslu.

Þrátt fyrir að lækka hafi þurft lífeyrisgreiðslur nú tímabundið hafa lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað umtalsvert á síðustu árum, hvort sem beitt er mælikvarða vísitölu neysliverðs eða launavísitölu.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.